

12. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 3. september 2019, kl. 18:00 á skrifstofu Siðmenntar,
Túngötu 14.

Mætt á fund: Auður Sturludóttir (varaformaður), Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Sveinn Atli Gunnarsson (varamaður), Mörður Árnason (varamaður), Hope Knútsson (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson

Boðuð forföll: Margrét Pétursdóttir, veikindi, Sigurður Hólm, annir, Jens Ívar, erlendis.

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Fundargerð

1. Erindi frá Tinnu Jóhannsdóttur, athafnarstjóra

- a. **Tinna mætti á fundinn og gerði grein fyrir breytingum í athafnaráði, og því starfi sem er framundan í tengslum við athafnaráð.**

Undirbúningur fyrir námskeið í útförum er í fullum gangi.

Tinna, Inga og Siggeir eru í samskiptum við þjálfara frá Bretlandi sem koma til landsins tvær helgar í haust.

Námskeiðshelgarnar eru:

Fyrri: 26.-27. október 2019

Seinni: 23.-24. nóvember 2019

Skráningu hefur verið lokað, en námskeiðið er næstum fullsetið. Verið er að leita samstarfs við athafnarstjóra sem hafa verið að taka að sér útfarir, varðandi innlegg þeirra á námskeiðinu.

b. Haustfundur athafnastjóra

Næsta verkefni ráðsins er að finna stað og stund og dagskrá fyrir haustfund athafnastjóra. Formaður leggur til að fyrir þann fund verði lagðar fram til samþykktar í stjórn verklagsreglur um gæðamál og um virkni athafnastjóra.

c. Endurmat vegna athafna

Endurmatskönnun vegna athafna hefur ekki verið send út síðan fyrir framkvæmdastjóraskipti. Óskað eftir að könnunin verði send út fljótlega.

2. Nýtt húsnæði

a. Leiga hjá AFS - Skipholt 50c

Félaginu stendur til boða að leigja skrifstofu í húsnæði AFS í Skipholt 50c. Leigan hækkar um 40 þúsund á mánuði miðað við núverandi leigu. Innifalið í leigunni er netkostnaður og allur annar rekstrarkostnaður á skrifstofu, svo sem prent- og kaffikostnaður, þannig að raunhækkun á leigukostnaði verður töluvert lægri en 40 þúsund.

Með húsnæðinu fylgja einnig afnot af sameiginlegum sal, eldhúsi og fundarherbergi, og verður þar töluvert hagræði og sparnaður vegna leigu á sölum í tengslum við viðburði félagsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við AFS og segja upp leigunni á Túngötu.

3. Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál

a. Lagt fram bréf úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Framkvæmdastjóra falið að rita bréf til Þjóðskrár og óska eftir upplýsingunum í samræmi við úrskurðinn.

4. Kolefnisjöfnun

a. Kynning á tillögu frá nefnd

Sveinn kynnti hugmyndir nefndar um að setja pening í að byggja vatnsbrunnna í Afríku. Kostnaður við hvern brunn er

45.000 kr. Lagt til að Siðmennt leggi til fjármagn til að byggja tvo brunna, og er sú upphæð fundin út með vísun í útreikninga um kolefnisjöfnun ársins 2018.

Lagt til að verkefnið verði kynnt á vefsíðu félagsins og aðrir hvattir til að leggja sitt af mörkum.

Stjórn samþykkir að fjármagna tvo brunna. Sveinn verður framkvæmdastjóra innan handar við framkvæmdina.

5. Þingsetning 10. september

a. Dagskrá

Björg Magnúsdóttir, athafnarstjóri, flytur ávarp og Hljómsveitin Eva leikur 1-2 lög. Staðsetning: Iðnó.

Tímasetning: Sennilega 11:45.

Formaður og framkvæmdastjóri senda út boðskort í lok vikunnar.

6. Breytingar í athafnaráði

a. Fækkun í athafnarráði

Svanur Sigurbjörnsson og Selma Lóa Björnsdóttir hafa sagt sig úr athafnaráði. Athafnaráð mun leita eftir staðgengli.

7. Ný Maskínukönnun um trúarlíf Íslendinga

a. Tímasetning

Ákveðið að stefna að því að standa fyrir nýrri könnun á næsta ári, sem er afmælisár félagsins.

b. Inntak

Lagt til að stytta og slípa könnunina, og fá samanburð á lykilsurningum á milli ára.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með Þorláki og byrja að undirbúa jarðveginn. Mörður býður fram aðstoð við að endurskoða könnunina.

8. Önnur mál

a. Fundargerðir

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Ákveðið að birta fundargerðir á vef Siðmenntar frá upphafi starfstímabils þessarar stjórnar. Framkvæmdastjóri leggur fundargerðir fyrir stjórn til staðfestingar daginn eftir fund, og verða þær svo birtar á netinu í kjölfarið.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 1. október klukkan 17:30

Fundi slitið klukkan: 19:40